

GUTTORMUR J. GUTTORMSSON

# KVÆÐI


ÚRVAL



BÓKAÚTGÁFA MENNINGARSJÓÐS  
OG ÞJÓÐVINAFÉLAGSINS  
REYKJAVÍK 1976

GILS GUÐMUNDSSON  
OG  
ÞÓRODDUR GUÐMUNDSSON  
VÖLDU KVÆÐIN  
OG SÁU UM ÚTGÁFUNA

Pappír: 120 gr./m<sup>2</sup> mattur offsetpappír frá H. Christensen & Søn A/S  
Setning, prentun, bókband: Prentsmiðja Hafnarfjarðar hf.  
Letur: Linotype-Times



*Guttormur J. Guttormsson.*



*Guttormur J. Guttormsson á heimili sínu.*

## FORMÁLI

### I

Haustið 1909, þegar Guttormur J. Guttormsson var 31 árs að aldri, kom út í Winnipeg fyrsta ljóðabók hans, *Jón Austfirðingur og nokkur smákvæði*. Meginhluti bókarinnar var ljóðaflokkur um landnám Íslendinga á Nýja Íslandi. Ljóðin vöktu þegar allmikla eftirtekt meðal Íslendinga í Vesturheimi. Fyrsti ritdómur um ljóðakverið birtist í Lögbergi 11. nóvember 1909, og var eftir skáldið Jón Runólfsson. Telur hann Guttorm sýna meiri tilþrif en „títt er meðal þeirra er yrkja ljóð hér vestan Atlantshafs.“

Næsta ljóðabók Guttorms, *Bóndadóttir*, kom út 1920. Þar birtust sum listrænustu kvæði hans, *Sandy Bar*, *Góða nótt*, *Veturinn*, *Leysing*. Í þessari bók tók hann einnig að slá á léttu strengi, birti þar gamanbragi, kímni- og kersknisvísur.

Árið 1930 kom út ljóðasafnið *Gaman og alvara*, allstór bók, um 200 bls. Í bók þessa voru tekin því nær öll kvæðin, sem áður höfðu verið prentuð í Jóni Austfirðingi og Bóndadóttur, en auk þess var þar margt nýrra kvæða, fullur helmingur bókarinnar.

Fjórða ljóðabók Guttorms, *Hunangsflugur*, kom út 1944. — Allar þær bækur, sem nú hafa verið taldar, voru gefnar út í Winnipeg.

Árið 1947 var prentað í Reykjavík hjá Iðunni *Kvæðasafn Guttorms*. Sá Arnór Sigurjónsson um útgáfuna og ritaði allrækilegan inngang um skáldið. Þetta var heildarútgáfa ljóða Guttorms fram til þess tíma. Auk þeirra fjögurra ljóðasafna, sem prentuð höfðu verið, birtust síðast í bókinni nokkur kvæði og vísur, sem ekki höfðu áður komið í bók.

Árið 1958 kom út í Reykjavík hjá Helgafelli ljóðabókin *Kanadaþistill*. Var það síðasta bók Guttorms, sem kom út meðan hann lifði.

Árið 1963, er Guttormur sótti Ísland heim öðru sinni, gaf hann Félagi íslenzkra rithöfunda óprentað ljóðahandrit sitt, *Útgönguvers*. Stóð til að Bókaútgáfa Menningarsjóðs gæfi út ljóð þessi, en ekki kom til framkvæmda að sinni. En hugmyndin um prentun síðustu ljóða Guttorms þróaðist smám saman í þá átt, að í stað þess að prenta *Útgönguvers* sér í bók skyldi gefin út sýnisbók ljóða hans frá upphafi til loka, þar á meðal úrval úr hinu óprentaða handriti. Það er sú bók, sem nú kemur fyrir almenningssjónir.

Auk ljóðagerðar samdi Guttormur allmörg leikrit, sérkennileg og athyglisverð um margt. Voru það flest einþáttungar, fremur ætlaðir til lestrar en leiks. Safn þeirra, *Tíu leikrit*, kom út hjá Þorsteini Gíslasyni árið 1930.

## II

Í ritgerð sem dr. Watson Kirkconnell birti árið 1939 um Guttorm J. Guttormsson og skáldskap hans, er að finna einkar fróðlega greinargerð Guttorms sjálfs um lestur hans og listræn áhrif þau, sem hann hafði orðið fyrir, bæði af íslenzkum og erlendum bókmenntum. Hafði Kirkconnell spurt um „listræna menntun“ Guttorms og fengið í bréfum greinargóð svör. Þykir fara vel á því að birta hér greinargerð þessa, þar sem hún hlýtur að teljast mikilsverð heimild um skáldið og þroskasögu þess. Guttormi segist þannig frá (þýðing Snæbjarnar Jónssonar):

„Í æsku las ég *Þjóðsögur* Jóns Árnasonar. Með sínum heillandi leyndardómum, gleði sinni og sorgum, hefir mér ævinlega fundizt sem þær hefðu að geyma alla sál þjóðarinnar í þúsund ár. *Æfintýri* H. C. Andersens höfðu líka djúp áhrif á mig, fyrst og

fremst sem skáldskapur, en einnig sem sannleikurinn í sinni beztu mynd. Sannleikurinn birtist aldrei á yfirborði raunveruleikans; það yfirborð er eintóm blekking.

Á yngri árum mínum hérna við Íslendingafljót las ég talsvert íslenzkan skáldskap og snapaði mér ljóðabækur að láni hvar sem þess var kostur. Í íslenzkum ljóðum eru tveir þættir, annar harður og sterkur, hinn mjúkur og kvenlegur. Sá fyrri er norrænn, runninn frá Eddunum, hinn er suðrænn, ættaður frá rómantísku skáldunum þýzku. Ég hefi alla tíð laðazt meir að hinni norrænu grein íslenzkra skálda, einkum Bólu-Hjálmari, Bjarna Thorarensen, Grími Thomsen, Einari Benediktssyni, Stephani G. Stephanssyni, Guðmundi Friðjónssyni og Jakob Thorarensen.

Við Shoal Lake hafði ég aðgang að vel völdu safni íslenzkra bóka og neytti þess svo sem verða mátti allan þann tíma sem ég var þar. Ég las þar Hómer í þýðingu Sveinbjarnar Egilssonar og Benedikts Gröndals, *Paradísarmissi* Miltons í þýðingu síra Jóns Þorlákssonar, *Púsund og eina nótt* í þýðingu Steingríms Thorsteinssonar, og sömuleiðis allar Íslendingasögur, Eddurnar, Sturlungu o. fl. Þar las ég fyrst *Nýársnótt* Indriða Einarssonar, sjónleik fullan af álfatrú, og virtist hún bera af öllu því, er ég hafði nokkru sinni kynnt af íslenzkum leikritum. Alls og alls átti ég þarna kost á því sem bezt er í íslenzkum bókmenntum.

Um sama leyti komst ég mjög í kynni við lýriskan skáldskap eftir Shakespeare, Tennyson, Byron, Longfellow og Kipling. Ég heillaðist mikið af *The Rape of Lucrece*, ekki sökum efnisins, heldur af lifandi þrótti stílsins og hinni stórsnjöllu braglist. Þá tók ég að lesa sexliðahætti Longfellows, og sökum þess, að ekkert skáld íslenzkt hafði ort undir þeim hætti, gerði ég tilraun með hann í þættinum „Guðrún“ í *Jóni Austfirðingi*. Á þessu skeiði las ég aðeins sonnettur og lýrísk kvæði Shakespeares. Sjónleiki hans tók ég fyrir síðar, fyrst fjóra þeirra í íslenzkri þýðingu Matthíasar Jochumssonar og síðar alla sjónleikina á ensku. En þeir drógu mig

aldrei til sín, og Ibsen ekki heldur, að undanskildum *Brandi* og *Peer Gynt*. Heimsskoðun Ibsens virtist mér hafa vafasamt gildi.

Eftir að ég settist að í Riverton, fyrir 29 árum, tók ég að byggja upp bókasafn, af ritum hinna fremstu höfunda ýmsra þjóða. Þetta voru ekki eingöngu ljóð, heldur einnig skáldsögur, leikrit og huganir. Enda þótt ég geri meira að því að lesa bækur en læra, er ég þó viss um að ég hefi víkkað skilningssvið mitt með þessu öllu saman. Ég hefi hallazt að frönskum sýmbólistum, og þó ekki að nokkrum einum sérstaklega. Eitt hinna ágætustu skálda, sem ég hefi nokkru sinni lesið, er William Blake. Hann hefir sérlega viðkvæma sál og er frumlegur í hugsun og heimsskoðun, ef til vill sérstæðasta skáld Englendinga. Edgar Allan Poe hefir líka mjög laðað mig að sér með sinni miklu sköpunargáfu, hugmyndaflugi og andlegum þrótti. Í seinni tíð hafa Karel Capek, Eugene O'Neill og Elmer Rice dregið mig að sér, en þó án þess að hafa haft áhrif á það sem ég hefi ort. Af öllum þessum hefi ég einkum lært að ganga í ljósi minnar eigin hugsunar. Ég hefi engan „skóla“ tekið mér til fyrirmyndar.

Það sem ég hefi mesta ánægju af að lesa, eru listræn ljóð, á hvaða máli sem er; og sömuleiðis rómantísk leikrit; t. d. *Die versunkene Glocke* eftir Hauptmann, *Berkeley Square* eftir Balderstone, *Outward Bound* eftir Vane, *Death Takes a Holiday*, *Everywoman*, og annað slíkt. Núna síðustu árin hefi ég komizt í kynni við Franz Werfel og tel hann efalaust fremstan þeirra, er nú skrifa sjónleiki.

Í þau 29 ár, sem liðin eru síðan ég settist hér að, hefi ég að jafnaði lesið tíu bækur á ensku á móti hverri einni á íslenzku. En ég hefi gert það að fastri reglu að lesa ekki önnur ljóð en hinna beztu skálda, eldri og yngri, og hina beztu höfunda óbundins máls — Guðmund Finnbogason, Sigurð Nordal, Guðmund Friðjónsson, osfrv. Önnur föst regla mín hefir verið sú, að lesa árlega nokkrar íslenzkar fornsögur — ekki vegna efnisins, heldur málsins.“



### III

Í úrvali því sem hér hefur verið gert úr kvæðum Guttorms J. Guttormssonar, var ekki einungis haft í huga að þar birtust listrænustu ljóð skáldsins eða þau sem féllu veljendum bezst í geð, heldur einnig hitt, að safnið gæfi sem trúverðugasta mynd af skáldinu og kveðskap þess. Er því réttara að líta á bók þessa sem sýnisbók en úrval. Við valið hefur gilt sú regla að stytta ekki kvæði né fella úr þeim nema sérstök ástæða þætti til.

Sumum hinna eldri kvæða sinna breytti höfundur nokkuð er hann gaf þau út á ný. Hefur seinni gerðin einatt verið valin hér, enda hlýtur það að teljast síðasti vilji skáldsins. Þess skal getið, að úrvalið úr vísum þeim sem birtust aftast í *Kvæðasafni* undir heitinu *Eftirhreytur* og ekki höfðu áður komið í ljóðabókum Guttorms, er að finna á bls. 140–142.

Til fróðleiks fyrir þá sem vilja vita á því deili, hvað ritað hefur verið um Guttorm J. Guttormsson og skáldskap hans, birtist að bókarlokum skrá um það sem útgefendum var kunnugt um af því tæi.

*Gils Guðmundsson.*

## GUTTORMUR J. GUTTORMSSON

Ein af þeim minningum sem ég á kærastar frá bernsku minni, er á þessa leið:

Það var sólskin og þerrir á sumarmorgni. Ég vaknaði við fuglasöng og ljóðalestur. Faðir minn kom inn í stofu, þar sem vér sváfum, bræður, og þuldi kvæði úr nýjum *Óðni*. Upphaf eins þeirra, sem heitir *Ljóðmál*, var svona:

Þau ljóðin með ljúfustu hljóðin,  
sem laufsalaþjóðin kann ein.  
Þau ljóma í hugum og hljóma,  
um himininn óma frá grein.  
Að bíða er blessað og hlýða  
á brúðsönginn þýða í dag,  
svo yndi mér leiki í lyndi  
og ljóð mitt ég bindi  
í skyndi við laufsala lag.

En hann las allt kvæðið, söng það af ógleymanlegri hrifningu, með sínu lagi vitaskuld. Og hann las fleiri ljóð. Meðal annarra kvæða man ég, að hann las *Jól*. Ég lærði fyrstu vísuna og hef munað hana síðan:

Hvitt eins og blað fyrir helgirit  
hjarn eftir sólstaf bíður.  
Senn fær það bjartari silfurlit,  
svellið og hrímkögrið fegra glit. —  
Tíminn til ljóshafs líður.  
Fríður er vetur á veldisstól,  
vori hann ljær sinn blóma.  
Hvítblómgað vor, þegar hækkar sól,  
heilsar með dýrðarljóma.

Ég lærði meira af þessu töfrandi kvæði, og fleiri ljóð nam ég, öll álíka fögur. Sólin hækkaði á lofti. Fleiri fuglaraddir heyrðust inn um gluggann. Heill kór af röddum, sem blönduðust saman við róm föður míns, þrunginn hrifningu. Dæmalaus snillingur hlaut sá maður að vera, sem gat skáldað önnur eins kvæði.

Seinna fékk eg að vita, að hann hét Guttormur og bjó vestur í Nýja-Íslandi, var fæddur þar vestra og hafði aldrei komið heim á þetta „farsælda-frón“, þessa hrímhvítu móður. En mikill töframaður hlaut hann að vera.

Þetta eru ljóðræn og tóngjöful kvæði, rómantísk og suðræn að eðli. Eins og íslenzk ljóð margra skálda, er skáldskapur Guttorms slunginn tveim meginþáttum: hrjúfum og sterkum, máttugum og myndauðugum, eins og t. d. *Sandy Bar*, eitt kunnasta og mesta kvæði hans, eða tvíræð og djúpúðug svo sem *Býflugnaræktin* og *Indíánahátíðin*, en það eru vestur-íslenzkar þjóðlífsmyndir, einstakar í íslenskum bókmenntum og þótt víðar sé leitað. Kímniskáld er líka Guttormur í fremstu röð, þó að tæpast standist hann samjöfnuð við Káin, eins og lausavísur hans sýna, en fer aftur fram úr honum sem ádeiluskáld, svo sem *Bölvun lögmálsins* ber vitni um.

Sjálfur segist Guttormur hafa orðið fyrir mestum áhrifum af rammíslenzkum skáldum, sem séu sál sinni skyldust, eins og Bjarna Thorarensen, Grími Thomsen, Stephani G., Guðmundi Friðjónssyni og Jakobi Thorarensen. En mér finnst eigi síður auðsær skyldleiki hans með Longfellow, Edgar Allan Poe, sem augljóst er af svo ólíkum kvæðum sem *Sandy Bar*, *Góða nótt* og fleiri kvæðum, sem hann yrkir undir sömu háttum og *Hrafninn* er ortur, og William Blake, sem hann dáði ef til vill mest allra skálda, enda dulur og táknrænn eins og hann.

Af fjölmörgum kvæðum hans má sjá, að hann er bóndi, ekki aðeins þeim sem lýsa margháttaðum, lífrænum störfum bóndans, fegurð og fuglasöng, sól og sumri, heldur og vetrarhörkum og viðskiptalífsins miskunnarlausu baráttu. Þar er víða skipað í andstæðar fylkingar kaupmanninum og bóndanum. Er þó auðsætt hverjum hann hefur meiri samúð með. Minnir hann þar á Bólu-Hjálmar, eins og kvæðið *Herra og þræll* vitnar um, eða þá Grím Thomsen:

Þó verk hans sem kaupmanns sé lítið og lágt,  
er líf hans í mannfélagsstiganum hátt.  
Hann gústar með næðingi ofan úr átt  
síns auðvalds, sem hráslaga rosi.  
Má vera', að hann sýni þér vinskáp og ást,  
en vittu að annað er þar, sem ei brást:  
Í hylðýpi augnanna hákarlar sjást,  
og höggormar „svigna í brosi“.

Á meðan af akrinum upp þú sker,  
þá er hann þitt korn að mæla sér.

Tveir þriðju þíns arðs í hans auðsafn fer  
að endurgjaldslausu þér veikum.  
Í sveita þíns andlitis safnar hann auð,  
og sál hans verður því meira dauð.  
En orkunni sóar þú, bóndi. Þitt brauð  
er bölvað af örðugleikum.

Guttormur er lítt eða ekki skólagenginn en ákaflega víðlesinn og í raun rétttri hámenntað skáld. Hann fæddist að Víðivöllum við Íslendingafljót í Kanada 21. nóvember 1878, skömmu eftir að foreldrar hans festu þar byggð, þá nýflutt vestur um haf.

Hann var kominn af góðum ættum á Austurlandi. Faðir hans var Jón Guttormsson, Vigfússonar, en móðir hans, kona Jóns, var Pálína Ketilsdóttir á Arnheiðarstöðum í Fljótstal, en þau fluttust vestur, til Ontaríó, 1875, en fluttust fám árum síðar að Víðivöllum, þar sem þau námu land eftir mikla hrakninga. Guttormur var því kunnugur lífi frumbyggjanna í Nýja Íslandi, enda má eflaust telja, að hann hafi haft föður sinn í huga, þegar hann orti sína fyrstu bók, *Jón Austfirðing*.

Sjö ára missti Guttormur móður sína og föður sinn tíu árum síðar. Vann hann á næstu árum við járnbrautarlagningu, skógarhögg og hveitiþreskingu í Norður-Dakota, fiskiflutninga á Winnipegvatni og húsbyggingar í Winnipegborg. Þá gerðist hann landnámsmaður í Grunnavatnsbyggð í Manitoba, bjó þar þrjú ár, en hraktist þaðan á ný til Winnipeg og gerðist þar umferðasali og bréfberi. Eigi gæzt honum að borgarlífínu, fluttist aftur á landnámsjörð sína í Grunnavatnsbyggð, en seldi hana tveim árum síðar og varð meðeigandi í verzlun í Manitoba, en festi 1911 kaup á landnámsjörð föður síns Víðivöllum og bjó þar til elli.

Eins og gefur að skilja um barn fátækra foreldra og landnema, sem hann missti ungur, naut Guttormur lítillar fræðslu í bernsku, nema hjá móður sinni, er var gáfuð og skáldmælt. Hann steig ekki inn fyrir skóladyr fyrr en um 12 ára aldur og lauk slitróttu námi með 3 mánaða skólagöngu í Winnipeg veturinn 1894–95. Að því búnu gekk hann aldrei í neinn skóla. Þó að hann fæddist á erlendri grund, nam hann svo vel íslenska tungu, að ég hef engan mann heyrt tala betra mál. Skýringin er fólgin í lestri Íslendingasagna: „Ég hef gert mér það að ófrávíkjanlegri reglu að lesa nokkrar Íslendingasögur árlega, ekki efnisins heldur málsins vegna,“ skrifaði Guttormur m. a. í löngu bréfi til Watson Kirkconnells, hins kunna Íslandsvinar og þýðanda ljóða af íslenzku á ensku.

Þar sem Guttormur hefur orðið að vinna hörðum höndum fyrir stórum fjölskylduhóp – hann kvæntist Jensínu Daníelsdóttur, Sigurðssonar frá Hólmlátri á Skógarströnd, afburðafallegru og ágætri konu, um þritugsaldurinn og eignaðist með henni 6 börn – var hann maður önnur kafinn löngum.

„Öll mín kvæði hef ég ort við vinnu mína. Sama gildir um leikritin. Ritstörf mín hafa orðið að vera alger aukastörf; dagsins önn hefur heimtað krafta mína til líkamlegrar vinnu.“ Svo farast honum orð í viðtali við eitt Reykjavíkurblaðið, þegar hann kom heim í fyrra skiptið. (Nýja dagblaðið 23. júlí 1938).

En Guttormur hefur tvisvar verið boðinn heim, kostaður af ríkisstjórn Íslands og Alþingi. Arnór Sigurjónsson segir svo í tilefni af fyrri heimför Guttorms í formála fyrir útgáfu *Kvæðasafns* 1947:

„Það heimboð komst á með þeim hætti, að nokkrir menn í Reykjavík, og munu þar hafa haft forystu Sigurður Nordal prófessor og Ragnar E. Kvaran, rituðu fjárveitinganefnd Al-

þingis beiðni um, að tekin væri upp á fjárlög 1938 nokkur upphæð til að styrkja kynningarstarf við landa okkar í Vesturheimi. Vel var undir þessa beiðni vikizt og veittar til þessa 4000 krónur með þeim ummælum, að til þess væri ætlazt, að þetta yrði fastur liður á fjárlögum, en Guttormi yrði fyrstum boðið heim að vestan.“

Lítið veður var gert út af þessari heimsókn Guttorms. Hún fór hljóðlega fram. Lengst þess tíma sem hann dvaldist hér, notaði hann til ferðalaga um Norður- og Austurland. Hann hafði sig lítt á almannafæri. Kristján bílakóngur á Akureyri lánaði honum bifreið ókeypis til þeirrar ferðar. Og hann fór í boði ríkisstjórnarinnar austur um sveitir að Skógafossi, og fóru þau Þorbjörg og Sigfús Halldórs frá Höfnum með honum þá ferð. Hann kvaddi Ísland í útvarpi við brottförina. Og fallegasta kvæðið um Ísland orti Guttormur eftir heimkomuna, flutti og viðbrigðaskemmtilegan fyrirlestur á ársþingi Þjóðræknisfélagsins 1939.

Svo segir dr. Richard Beck í ágætri grein um skáldið: Guttormur J. Guttormsson skáld, Skírnir, 1946, sérpr. 1949:

„Hefur Guttormur unnið hin bókmenntalegu störf sín undir mjög andvígum skilyrðum; og vafalaust ber því ekki að neita, að hin óhægu kjör sem hann hefur átt við að búa, hafa orðið steinn á vegi þroska hans. En svo rík og þróttmikil er skáldgáfa hans, að hann hefur sigrazt á mótdrægum lífskjörum og ort svipmikil djúpúðug kvæði um hin hversdagslegustu efni innan þröngra takmarka athafnasviðs hans. Og svo er því alltaf farið um hin sönnu og mikilvægu skáld. Þeim verður sjálft grjótið að gulli í andlegum skilningi. Jafnalgenzt fyrirbrigði vestan hafs og býflugnaræktun verður Guttormi áhrifamikil og algild táknmynd andlegrar harmsögu þeirra allra, sem

fátæktar vegna eða af öðrum ástæðum sjá eigi drauma sína rætast, en verða að setta sig við það harða hlutskipti, að listgáfu þeirra fái eigi að vaxa vængir nema að litlu leyti.“

Árið 1963 var Guttormi boðið til Íslands öðru sinni af ríkisstjórn Íslands, og var Bergljót dóttir hans í fylgd með honum. Hann var þá hálfátræður að aldri, en þó hinn ernasti. Bauð menntamálaráðherra honum vestur á Snæfellsnes í átt-haga Jensínu Daníelsdóttur, konu Guttorms og móður Bergljótar, sem þá var önduð. Sá er hér heldur á penna, hafði þá ánægju að hafa þau feðginin eitt kvöld sem gesti á heimili okkar hjóna. Þá vildi svo til að hann las kvæði sín í útvarp, einmitt þegar þau voru stödd á heimili okkar. Gafst okkur öllum fjórum þá tækifæri til að hlusta á flutning skáldsins. Var það ógleymanleg stund. Þá flutti hann meðal annars hið ágæta kvæði sitt *Ísland*. Mér hefur aldrei fundizt eins til um að vera Íslendingur og við að heyra þetta ljóð af vörum hans og sjá hann samtímis. Mér er sem ég heyri enn af vörum þessa Vestur-Íslending, sem fæddur er og hefur alið allan aldur sinn hinum megin á hnettinum, þetta meitlaða ljóð á máli Egils og Snorra:

Að sækja þig heim yfir höfin breið,  
er heiminn að sjá og skoða,  
úr sólseturs höfnum að halda leið  
og hverfa inn í morgunroða,  
að vekja það upp sem er æðst og bezt  
og ei verður sagt né skrifað.  
Að sækja þig heim — það er happið mest,  
að hafa til einhvers lifað.

*Þóroddur Guðmundsson.*





## HEIMILDIR

*um Guttorm J. Guttormsson, ævi hans og skáldskap.*

*(Greinar um skáldið, ritdómar, viðtöl).*

Bóndadóttir, ritdómur eftir Einar P. Jónsson, Lögberg 1920, 41. tbl.

Bóndadóttir, ritdómur, Tíminn 24. desember 1920.

Bóndadóttir, ritdómur eftir Magnús Jónsson, Eimreiðin 1921,  
bls. 366.

Bréf og ritgerðir Stephans G. Stephanssonar, I.–III. bindi 1938–  
1946. Bréf frá St. G. St. til G. J. G.

Bréf til Stephans G. Stephanssonar, III. bindi, Reykjavík 1975. —  
Bréf frá G. J. G. bls. 95–117.

Gaman og alvara, ritdómur eftir Pál Steingrímsson, Vísir 17. sept-  
ember 1930.

Gaman og alvara, ritdómur eftir Árna Hallgrímsson, Iðunn 1931,  
bls. 89.

Guttormi skáldi fylgt úr hlaði, eftir Richard Beck, Nýja dagblaðið  
28. og 29. júlí 1938.

Guttormur J. Guttormsson skáld í Nýja Íslandi, eftir Jón Jónsson  
frá Sleðbrjót, Óðinn, júní 1918, bls. 17.

Guttormur J. Guttormsson, eftir Kristin E. Andrésson, Þjóðvilj-  
inn 11. sept. 1938.

Guttormur J. Guttormsson skáld (eftir X), Lögrétta 13. ágúst 1930.

Guttormur J. Guttormsson skáld, eftir séra Jakob Jónsson, Lesbók  
Morgunblaðsins 1948, bls. 277.

Guttormur J. Guttormsson skáld, eftir Richard Beck, Skírnisr 1946,  
bls. 80.

- Guttormur J. Guttormsson skáld, ræða fyrir minni hans eftir Guðmund Finnbogason, Lesbók Morgunblaðsins 1938, bls. 280.
- Guttormur J. Guttormsson sjötugur, eftir Guðmund G. Hagalín, Morgunblaðið 7. des. 1948.
- Guttormur J. Guttormsson og kvæði hans, eftir Arnór Sigurjónsson, ritgerð framan við Kvæðasafn Guttorms 1947.
- Guttormur J. Guttormsson skáld, eftir Richard Beck, bæklingur, 24 bls., Wpg. 1949.
- Guttormur J. Guttormsson áttæður, eftir Richard Beck, Tímarit Þjóðræknisfélags V-Íslendinga, 40. árg. 1958, bls. 7.
- Guttormur J. Guttormsson og skáldskapur hans, eftir Richard Beck, Eimreiðin 1967.
- Hugleiðingar út af afmæli, eftir Gísla Jónsson, Tímarit Þjóðræknisfélags V-Íslendinga 30. árg., 1948, bls. 77.
- Hunangsflugur, ritdómur eftir Friðgeir H. Berg, Stígandi 1945, bls. 95.
- In Search of a Poet, eftir St. George Stubbs, bæklingur, 25 bls., Winnipeg 1975.
- „Ísland stendur miklu framar á öllum sviðum en ég hefi áður haldið,“ viðtal við Guttorm J. Guttormsson, Alþýðublaðið 1. september 1938.
- Íslenzkt skáld í Kanada, eftir W. Kirkconell, Þagnarmál, ritgerðasafn Snæbjarnar Jónssonar, Rvík 1968; þýðing Snæbjarnar á ritgerð W. K.
- Jón Austfirðingur og nokkur smákvæði, ritdómur eftir Jón Runólfsson, Lögberg 11. nóvember 1909.
- Jón Austfirðingur, ritdómur, Heimir 1909, bls. 50.
- Jón Austfirðingur, ritdómur eftir séra Lárus Thorarensen, Breiðablik 1910, bls. 75.
- Jón Austfirðingur, ritdómur eftir Jónas Jónsson, Skírnir, Rvík 1911, bls. 76.

Jón Austfirðingur, ritdómur eftir Valtý Guðmundsson, Eimreiðin Khöfn 1911, bls. 69.

Kanadaþistill, ritdómur eftir Þórodd Guðmundsson, Eimreiðin 1959, bls. 140–142.

Kvæðasafn, ritdómur eftir Karl Kristjánsson, Dvöl 1948, bls. 127.

Landar vorir vestan hafs, eftir Guðmund Friðjónsson, aðallega ritdómur um kvæðaflokkinn Jón Austfirðingur og ritgerð um skáldið G. J. G. — Ísafold 7. maí og 4. júní 1910.

„Látið unga fólkið kynnst yfir hafið“, viðtal við Guttorm J. Guttormsson, Morgunblaðið 9. september 1938.

Skáldið á Víðivöllum, eftir Jón Helgason, Tíminn 15. september 1944.

Tíu leikrit, ritdómur eftir Lárus Sigurbjörnsson, Lögrétta 1935, bls. 38.

Um fæðingardag Guttorms J. Guttormssonar, eftir Richard Beck, Skírnir 1948, bls. 244.

Vestanhafs er sómi að vera Íslendingur, viðtal við Guttorm J. Guttormsson, Morgunblaðið 20. júlí 1938.

Vestan um haf, ljóð, leikrit, sögur og ritgerðir eftir Íslendinga í Vesturheimi, Rvík 1930. — Um ljóðin og leikritin, eftir Guðmund Finnbogason.

Það á ekki að beita Pegasus fyrir plóg, Sveinn Skorri Höskulds-son heimsækir Guttorm J. Guttormsson skáld á Víðivöllum og ræðir við hann, Morgunblaðið 16. júlí 1961.

„Öll mín ljóð eru ort við vinnu“, viðtal við Guttorm J. Guttormsson, Nýja dagblaðið 23. júlí 1938 (birtist einnig í Tímanum 4. ágúst sama ár).